

# Fréttatilkynning

## vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Álftaness um að óska eftir viðræðum við bæjarstjórn Garðabæjar um mögulega sameiningu sveitarfélaganna

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti á 86. fundi sínum, hinn 29. júní 2010, að fara þess á leit við bæjarstjórn Garðabæjar að hafnar verði formlegar sameiningarviðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Samþykkt bæjarstjórnar er í samræmi við 90. gr. sveitarstjórnarlaga um frjálsa sameiningu sveitarfélaganna. Bæjarstjórn samþykkti aukinheldur á fundi sínum að skipa þrjá fulltrúa í sameiginlega samstarfsnefnd sem hefur það lögbundna hlutverk að annast athugun á kostum sameiningar sveitarfélaganna og stýra kosningu um sameiningu sveitarfélaganna.

Aðdragandi málsins er sá að með samningi bæjarstjórnar Álftaness við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 17. desember 2009, samþykkti bæjarstjórn Álftaness að hefja þegar viðræður við önnur sveitarfélög um mögulega sameiningu. Hinn 6. mars 2010 var gerð skoðanakönnun meðal íbúa á Álftanesi um áhuga á sameiningu við annað sveitarfélag. Niðurstöður úr þeirri skoðanakönnun voru skýrar en 44% íbúa settu sameiningu við Garðabæ fram sem fyrsta kost og 34% íbúa settu sameiningu við Reykjavík sem sinn fyrsta kost. Svarhlutfall í skoðanakönnuninni var um 64% íbúa.

Nú þegar bæjarstjórnir Álftaness og Garðabæjar hafa öðlast nýtt umboð kjósenda þykir rétt og eðlilegt að halda áfram með undirbúning að viðræðum um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Ný bæjarstjórn á Álftanesi hefur í ákvörðun á 86. fundi bæjarstjórnar, með vilja Álftnesinga að leiðarljósi, óskað eftir formlegum viðræðum við bæjarstjórn Garðabæjar.

Það er von bæjarstjórnar Álftaness að íbúar á Álftanesi muni á haustdögum geta sagt skoðun sína um mögulega sameiningu sveitarfélagsins við Garðabæ í íbúakosningum.

Nýverið tók borgarráð Reykjavíkurborgar erindi bæjarstjórnar Álftaness, dags. 20. apríl 2010, fyrir að nýju og lýsti yfir áhuga á viðræðum við bæjarstjórn Álftaness um vilja og mögulega hagræðingu af sameiningu sveitarfélaganna. Bæjarstjórn Álftaness þakkar sýndan áhuga borgarráðs Reykjavíkurborgar á viðræðum um mögulega sameiningu enda bæði sveitarfélögin áhugaverður búsetukostur og gætu orðið enn sterkari sem heild. Í samræmi við vilja íbúa á Álftanesi, í skoðanakönnun frá 6. mars 2010, hefur bæjarstjórn nú ákveðið að leita eftir formlegum viðræðum við bæjarstjórn Garðabæjar líkt og að framan greinir, enda gera sveitarstjórnarlögin sveitarstjórnnum það ekki fært að hefja formlegar viðræður við fleiri sveitarfélög en eitt að sinni

*Bæjarstjórn Álftaness  
29. júní 2010*